Rai Storia. 2020. *La "Domenica Con" di Sergio Castellito*. Radiotelevisione Italiana Spa, Róm. Sótt 23. Mars 2021 af <https://www.rai.it/ufficiostampa/assets/template/us-articolo.html?ssiPath=/articoli/2020/10/La-Domenica-Con-di-Sergio-Castellito-a0d7fb92-4bf7-4c98-be88-af9675d1ffaa-ssi.html>

Slideshare. 2012. *Katharina Reiss 1923*. Sótt 19. apríl af <https://www.slideshare.net/nobedi12/katharina-reiss>

UKEssays. 2018. *Katharina Reiss Text Typology*. Sótt 19. apríl 2021 af <https://www.ukessays.com/essays/english-language/reiss-translation-oriented-text-typology-theory.php>

Wikispro. *Margaret Mazzantini*. Wiki and Biography world. Sótt 18. Mars 2021 af <https://wikispro.com/Margaret-Mazzantini-wiki-network-age/>

LA TRADUZIONE

Ekki yfirgefa mig

Þú virtir ekki stöðvunarmerkið. Þú varst á hraðferð í akrýlpeysunni þinni með heyrnartólin alveg þrýst upp að eyrunum. Það hafði nýlega rignt og stefndi fljótlega í að það myndi byrja aftur. Handan við trjágreinarnar og loftnetin, þyrptust starrarnir saman á öskugráum himninum. Í fjaðrafoki og tísti í stórum svörtum skýjum sem hreyfðust til og frá, flugu þeir án þess að slasa sig. Þeir dreifðust og týndu áttum áður en þeir héldu af stað í annað flug. Á jörðinni settu vegfarendur dagblað eða jafnvel hendurnar yfir höfuðið á sér til þess að skýla sér frá fugladritinu sem rigndi niður af himninum. Fugladritið safnaðist saman á malbikinu ásamt blautum laufblöðum sem féllu af trjánunum. Þá gaus upp sæt og yfirþyrmandi lykt sem allir reyndu að forðast. Þú komst á fullri ferð meðfram breiðgötunni, í átt að gatnamótunum. Þú slappst næstum því, sá sem var í bílnum náði næstum því að komast framhjá þér. En jörðin var eitt drullusvað, sem einkenndist af samansafni af fitukenndum fuglaskít eftir starrana. Dekkin á bílnum runnu smávegis til í sleipu svaðinu og þótt þau rétt rákust í þig þá var það nóg til þess að hreyfa við vespunni Þú hentist upp í átt að fuglunum og aftur niður í skítinn þeirra, bakpokinn þinn (þakinn) í límmiðum fór með þér. Tvær af minnisbókunum þínum enduðu við brún gangstéttarinnar í gruggugum polli. Hjálmurinn þinn skoppaði út af veginum eins og tómt höfuð, þú hafðir ekki fest hann nógu vel á þig. Einhver nálgadist þig hröðum skrefum og kom strax að þér þar sem þú varst með augun opin og munninn skítugann án framtanna. Malbikið var komið inn í húðina og litaði kinnarnar þínar eins og skegg á manni. Tónlistin stöðvaðist og heyrnartólin höfðu runnið í hárið á þér. Maðurinn í bílnum skildi hurðina eftir opna og hljóp til þín, þar sem hann horfði á opið ennið á þér og stakk höndunum í vasana til þess að leita að símanum sínum. Hann fann símann en missti hann úr greipum sér. Það var strákur sem tók hann upp og var sá fyrsti til þess að hringja á hjálp. Á meðan var umferðin stöðvuð. Bíll mannsins lá þversum á sporum sporvagnsins sem komst ekki framhjá. Bílstjórinn steig út og margir aðrir úr vagninum gengu í áttina til þín. Fólk sem þú hafðir aldrei séð strauk þér og starði á þig. Bleik froða og dauft hljóð kom frá vörum þér. Á meðan yfirgafst þú þennan heim. Það var umferð og sjúkrabíllinn var seinn. Þú varst ekki að flýta þér lengur, þú varst kyrr inni í akrýlpeysunni þinni eins og vængbrotinn fugl.

Með sírenurnar í fullum gangi, komust þeir loksins framhjá umferðinni til þín. Bílarnir voru þvingaðir að vegriðinu, í leyfisleysi keyrðu þeir á gangstéttinni meðfram ánni. Á leiðinni hrisstist vökvapokinn fyrir ofan höfuð þitt. Hönd kreisti bláa súrefnisbelginn fram og aftur til þess að dæla lofti í lungun. Á gjörgæsludeildinni tók lækni við þér, þrýsti fingrinum á milli

kjálkans og tungubeinsins á þér til þess að finna sársaukapunktinn. Líkami þinn brást lítið við. Hann tók grisjur og þurrkaði blóðið sem lak niður af enninu, horfði á augasteinana sem voru hreyfingarlausir og óeðlilegir. Öndunin var hæg og þau settu kokrennu í munninn á þér til þess að halda tungunni fram en hún hafði runnið niður í kokið á þér. Síðan komu þau sogslöngunni fyrir sem saug upp blóð, tjöru, slím og tannbrot. Þau tengdu mæliklemmuna við fingurinn á þér til þess að mæla súrefnismagn í blóði, einnig prósentu sýrðs blóðrauða sem var of lágur, eða áttatíu og fimm prósent. Svo barkaþræddu þeir þig og blað barkakýlisspegilsins rann í munninn á þér með kaldri birtu. Hjúkrunarfræðingur kom inn og ýtti vagninum með hjartalínuritinu en tækið fór ekki í gang þegar hún setti það í samband. Hún sló létt í hlið þess og það kviknaði á skjánum. Þau lyftu upp bolnum og þrýstu sogskálum rafskautanna að bringunni á þér. Þú beiðst í smá stund eftir sneiðmyndatökunni því tækið var í notkun en síðan var farið með þig inn í geislagöngin. Áverkinn var á slæmu svæði og handan við glerið bað gjörgæslulæknirinn geislafræðinginn um að gera fleiri ítarlegri rannsóknir. Þeir sáu dýptina og stækkunina á marinu sem var utan á heilanum þínum. Framheilaskaðinn, ef hann var til staðar, var ekki enn sýnilegur. Þeir gáfu þér ekki skuggaefnið í æð því þeir óttuðust fylgikvilla þess á nýrun. Þeir hringdu strax á þriðju hæð til þess að gera skurðstofuna tilbúna. Gjörgæslulæknirinn spurði: „Hver er á vakt í taugaskurðlækningum?“

Þau byrjuðu að undirbúa þig fyrir aðgerðina. Hjúkrunarfræðingur afklæddi þig rólega og klippti fötin með skærum en þau vissu ekki hvern í fjölskyldunni þau ættu að láta vita. Þau vonuðust til þess að finna skírteinin þín en þú varst ekki með þau á þér. Það var allt í bakpokanum og þar fundu þau dagbókina þína. Læknirinn las nafnið þitt, síðan eftirnafnið en dvaldi á því í smá stund en snéri sér síðan aftur að fornafninu. Heitur hrollur læddist yfir andlit hennar sem gerði það rauðglóandi á litinn, hún þurfti að anda en barðist við það, eins og ef grófur munnbiti myndi kæfa öndunarveginn. Hún gleymdi svo sínu mikilvæga hlutverki sem læknir, hún leit á andlitið þitt eins og hver önnur manneskja. Hún þreifaði á þrútnu andlitinu þínu í von um að koma í veg fyrir þessa hræðilegu hugsun. En þú lítur út eins og ég og Adda gat ekki annað en tekið eftir því. Hárið þitt féll í gólfíð því Hjúkrunarfræðingurinn var að raka á þér höfuðið. Adda hreyfði hendina í átt að brúnu lokkunum. „Hægðu á þér, gerðu þetta rólega“ hvíslaði hún. Hún gekk í átt að gjörgæslunni og til taugaskurðlæknis á vakt.

„Stelpan, sú sem þau komu með...“

„Þú ert án grímu, förum út.“

Þau yfirgáfu sótthreinsaða umhverfið þar sem ættingjar mega ekki koma inn á, þar sem veikir liggja naktir og anda tilgerðarlegum andardrætti. Saman fóru þau aftur í herbergið þar sem hjúkrunarfræðingurinn var að undirbúa þig. Taugaskurðlæknirinn horfði á skjáinn á hjartalínuritinu og á blóðþrýstinginn. „Hún er með óeðlilega lágan blóðþrýsting“ sagði hann. „Hefur þú útilokað meiðsl á brjósti eða kvið?“ Svo leit hann á þig snögglega. Hann opnaði augnlökin þín með hröðum handahreyfingum.

„Jæja?“ Sagði Adda.

„Eru þau tilbúin á skurðstofunni?“ spurði hún hjúkrunarfræðinginn.

„Þau eru að undirbúa hana.“

„Finnst þér þú ekki eitthvað kannast við hana?“ sagði Adda ákveðin.

Taugaskurðlæknirinn snéri sér við og lyfti röntgenmyndinni í átt að ljósinu sem kom frá glugganum: „Marið er að stækka á milli heila og heilahimnunar...“

Adda kreisti saman hendurnar, hækkaði róminn: „Er hún ekki lík honum?“

„Gæti líka verið innan höfuðkúpunar“.

Það rigndi úti, með handleggina þetta saman í stuttermamussunni, steig Ada á flísalagt gólfið sem aðskilur línuna á milli bráðamóttökunnar og lyflækningadeildarinnar. Það heyrðst í hljóðlátu fótataki hennar í grænu gúmiklossunum. Hún tók ekki lyftuna til þess að fara í aðgerðina, heldur fór hún fótgangandi. Hún þurfti að hreyfa sig, gera eitthvað. Ég hef þekkt hana í tuttugu og fimm ár. Stuttu áður en ég gifti mig var ég vanur að daðra við hana, hálfpartinn í alvöru og hálfpartinn í gríni. Hún galopnaði hurðina. Á læknastofunni var hjúkrunarfræðingur að hreinsa upp kaffibolla. Hún tók hettu og grímu úr geymslunni í flýti og óð síðan inn.

Ég hlýt að hafa séð hana snögglega þegar ég færði mig í átt að skurðhjúkrunarfræðingnum til þess að koma klemmunum fyrir. Ég hugsaði með mér að það væri skrítið að sjá hana þarna, Adda er alltaf á gjörgæsludeildinni og við hittumst voða sjaldan, en oftast á neðanjarðarbarnum. Ég veitti henni enga sérstaka athygli, ég kinkaði ekki einu sinni kolli, heldur festi klemmuna.

Adda beið þangað til ég var farinn frá skurðarborðinu. „Prófessor, þú verður að koma,“ hvíslaði hún. Skurðhjúkrunarfræðingurinn tók upp sporöskjulaga nál úr sóttreinsuðum umbúðum. Ég heyrði hljóðið frá pappírnum sem rifnaði þegar ég snéri mér að Öddu. Hún var mjög nálægt mér og ég tók ekki eftir því. Ég sá tvö nakin ómáluð skjálfandi en glitrandi augu á konu. Áður en Adda var flutt á bráðamóttökuna, hafði hún svæft marga af mínum sjúklingum, hún var einn af bestu svæfingalæknunum á sjúkrahúsinu. Ég sá að hún var í tilfinninglegu ójafnvægi, ég hef séð hana halda ró sinni og ekki í uppnámi á örlagarikum augnablikunum og ég hef alltaf dáðst af henni fyrir það því ég veit hvað það er erfitt að fela tilfinningarnar í græna sjúkrahúsþúningnum.

„Seinna“ sagði ég.

"Nei, þetta er mikilvægt prófessor, ég bið þig."

Tónninn í röddinni hennar var öðruvísi. Ég held ég hafi ekki verið að hugsa um neitt, en hendurnar urðu þungar. Skurðhjúkrunarfræðingurinn rétti mér nálahaldarann. Ég hef aldrei skilið við aðgerð áður en ég klára hana. Ég kreppti saman lófana og áttaði mig á því að tilfinningin kom seinna. Ég undirbjó mig í að sauma vöðvabandið í kviðnum. Ég steig eitt skref aftur á bak til þess að færa mig frá sjúklingnum og ég rakst á einhvern fyrir aftan mig. „Þú klárar,“ sagði ég við aðstoðarmanninn minn. Hjúkrunarfræðingurinn færði honum nálahaldarann. Málmáhaldið rakst í hanskaða höndina á honum með daufum smellum sem hljómaði og magnaðist síðan í eyrunum á mér. Allir sem voru viðstaddir fölnuðu vegna augnaráðs Ödu.

Hurðin á skurðstofunni lokaðist þungt og hljóðlega fyrir aftan okkur. Við stóðum á móti hvort öðru í svæfingarherberginu.

„Jæja?“

Hún átti í vandræðum með að anda, handleggirnir voru berir og flekkóttir af kulda.

„Það er stelpa niðri prófessor, með höfuðáverka...“

Ósjálfrátt, nánast án þess að gera mér grein fyrir því, hafði ég tekið af mér hanskana.

„Segðu mér“.

„Ég fann dagbók... með eftirnafni þínu, prófessor“.

Ég rétti upp höndina, reif af mér grímuna á andlitinu. Það var ekki lengur æsingur í röddinni, hugrekkið hennar var farið og það eina sem eftir var var andstutt beiðni um hjálp: "Hvað heitir dóttir þín?"

Ég held að ég hafi teygt mig yfir Öddu til þess að sjá hana betur, til þess að sjá hana betur og leita djúpt í augum hennar að nafni sem ekki var þitt.

„Angela“. Augasteinarnir drógust saman og urðu stærri.

Ég hljóp niður tröppurnar, ég hljóp út í rigninguna, hljóp á meðan sjúkrabíll kom á staðinn sem negldi niður tveimur skrefum frá fótum mér, ég hljóp á glerhurð slysadeildarinnar, ég hljóp í gegnum hjúkrunarherbergið og inn í herbergið þar sem einhver með brotinn útlím öskraði, svo inn í næsta herbergi sem var tómt og í óreiðu. Ég stoppaði. Hárið þitt var á gólfinu, brúna liðaða hárið þitt var þarna saman safnað í hrúgu ásamt blóðugum grisjum.

Á svipstundu er ég eins og gangandi duft. Ég dreg sjálfann mig inn á gjörgæsludeild meðfram tóma ganginum alveg að glerveggnum. Þarna varstu, snoðuð, í öndunarvél og með glæra plástra í kringum dimmbólgið andlitið þitt. Þetta ert þú. Ég kem inn í herbergið og stend við hliðina á þér. Ég er venjulegur dapur faðir, örmagnaður af sársauka, án alls munnvatns í munninum og kaldur á höfðinu. Ég skil ekkert hvað er að gerast í kringum mig, það vofir yfir mér, tilbúið að eyðileggja mig og ég held áfram að vera í einhvers konar þokukenndu meðvitundarleysi. Ég loka augunum og hafna sársaukanum. Það er í raun og veru ekki þú sem liggur þarna, heldur ertu í skólanum. Ég mun ekki sjá þig þegar ég opna augun, heldur mun ég finna einhverja aðra, alveg sama hverja, bara einhverja allt aðra manneskju úr heiminum. Bara ekki þig, Angela. Ég þíri augunum og þarna ertu.

Það er kassi á gólfinu sem stendur skrifað á „hættulegur úrgangur“, ég tek hann upp og hendi honum niður. Ég verð að gera það, það er mín skylda, það eina sem ég get gert. Ég verð að líta á þig eins og þú sért mér ókunnug. Rafskautið snertir illa á þér geirvörtuna, ég losa það og set það á nýjan stað. Ég horfi á skjáinn: fimmtíu og fjögur slög. Minna núna eða fimmtíu og tveir. Ég lyfti augnlokunum þínum, augasteinarnir eru misstórir, hægra augað er augljóslega stærra, áverkinn er því í heilanum. Það er nauðsynlegt að hefjast strax handa, svo það skapist rými fyrir heilann. Vegna marsins, þá þrýstist heilavefurinn niður vegna hins harða, ósveigjanlega innri veggs höfuðkúpunnar, og kæfir taugamiðstöðina sem örvar líkamann og sviptir þig hverju augnabliki sem líður. Ég sný mér að Öddu:

„Gafstu henni kortisón?“

„Já, prófessor, og líka lyf til þess að vernda slímhúðina í meltingarvegi hennar“.

„Eru einhver önnur meiðsl?“

„Það er grunur um rifið milta.“

„En hver er blóðrauðinn?“

„Tólf“.

„Hver er á vakt sem taugaskurðlæknir?“

„Ég, það er ég. Sæll, Tímoteus.“

Alfreð leggur hönd á öxl mína, skyrtan hans var hneppt, hárið hans og andlit voru blaut.

„Adda hringdi í mig, ég var nýfarinn.“

Alfreð er bestur á sinni deild, samt er honum ekki sýnd verðskuldug virðing. Hann er varkár í framkomu. Hegðun hans er oft óskyljanleg, hann er ekki með neina sýnilega kosti; hann vinnur í skugga deildarstjóra skurðaðgerða, sem stendur og fylgist með meðan Alfredo ofgerir sér. Fyrir mörgum árum ég gaf honum nokkrar ráðleggingar, en hann hlustaði aldrei á mig; á þeim tíma var persónuleikinn hans ekki eins þroskaður og skurðaðgerðarhæfni hans. Hann er skilinn við konuna og ég veit að hann á son á unglingsaldri, á svipuðum aldri og þú. Hann var ekki á vakt, hann hefði getað hætt við, enginn skurðlæknir hefur gaman af því að sinna ættingjum samstarfsmanns síns. En í staðinn stökk hann upp í leigubíl, lét skilja sig eftir í miðri umferðinni, til þess að komast fótgangandi framhjá bílunum í rigningunni. Ég veit ekki hvort ég hefði gert það sama.

„Er allt tilbúið uppi?“ spyr Alfreð.

„Já“, svarar hjúkrunarfræðingurinn.

„Förum strax upp“.

Adda snýr sér að þér og tekur þig úr öndunarvélinni og festir þig aftur við súrefnisbelginn til þess að geta flutt þig á skurðstofuna. Ég sé handlegginn á þér detta yfir sjúkrabörunar á meðan þeir fara með þig upp í lyftuna, Adda teygir sig niður til þess að setja hendina á þér aftur á sama stað.

Ég verð áfram hjá Alfreð, við sitjum í herberginu við hliðina á gjörgæslunni. Alfreð kveikir á myndgreiningarljósinu, setur sneiðmyndirnar þínar ofan á það og greinir þær úr lítilli fjarlægð. Hann stoppar á einum stað, setur í brýnnar og starir gaumgæfilega. Ég veit hvernig það er að leita af þoku í röntgenmynd til þess að finna nytsamlega vísbendingu.

„Sjáðu,“ segir hann, „Þetta er aðal margúllinn nálægt ystu heilahimnunni. Ég mun ekki eiga neitt erfitt með að komast að því... Við þurfum að sjá hversu mikinn skaða heilinn hefur orðið fyrir, það er eitthvað sem ég get ekki spáð fyrir um. Svo er annað svæði hér, dýpra inn í... Ég veit ekki, kannski er það útstreymi sem er orsakað af heilahristing...“

Við breytum um svipbrigði þegar við lítum inn í bjarta ljósið sem varpar myndinni af heilanum þínum á vegginn á bak við okkur. Við vitum að við getum ekki logið hvor að öðrum.

„Afleiðingar blóðþurrðarinnar geta þegar hafa átt sér stað,“ hvísla ég.

„Ég verð að skera hana upp, þá munum við sjá hvernig þetta lítur út.“

„Hún er fimmtán ára.“

„Það er betra, þá er hjartað sterkt.“

„Hún er ekki sterk ... hún er lítil.“

Núna beygi ég mig niður á hnéin og græt, án þess að geta hamið mig og ég þrýsti höndunum að blautu andlitinu og segi:

„Hún mun deyja, ekki satt? Við vitum það báðir, höfuðið hennar er á floti.“

„Við vitum ekki rassgat, Tímoteus“. Hann fór niður á hnén og hélt utan um mig, hrissti mig af ákafa og á sama tíma sig sjálfan:

„Nú skulum við opna og skoða þetta. Ég mun soga blæðinguna út, létti þrýstinginn að heilanum og sé hvað gerist“.

Hann reis sig rólega á fætur.

„Þú verður inni með mér, er það ekki?“

Ég þurrka nefið og augun með framhandleggnum áður en ég rís upp. Á hárinu á mér er föst glansandi slímblóð.

„Nei, ég man ekkert eftir heilanum, það mun ekki gagnast þér til neins...“

Alfreð starir á mig með sínu óhagganlega augnaráði sínu, hann veit að ég sé að ljúga.

Í lyftunni tölum við ekki saman, við lítum upp á upplýstar tölur hæðanna sem hverfa. Við förum í sitthvora áttina án þess að kveðjast, jafnvel þess að snertast. Ég geng nokkur skref og sest á læknastofuna. Alfredo er að gera sig klárann. Í huganum fylgist ég með hreyfingum hans, þessa hefð þekki ég mjög vel. Handleggirnir smeygjast að olnbogunum í stóra stálvaskinum, hendunar taka upp sótthreinsi svampinn, ég er með ammóníak lykt í nefinu. Hjúkrunarfræðingurinn færir honum dauðhreinsaða klúta til þess að þurrka sér, skurðhjúkrunarfræðingurinn bindur sloppinn. Hér í kring er óvenjuleg þögn, þögn orðlausra manna. Hjúkrunarfræðingur sem ég þekki vel gengur að dyrunum sem er opin og ég mæti augnaráðinu hans: hann lítur undan og horfir á fótatök sín í gúmmískónum. Nú er Ada við dyrnar. Ada sem hefur aldrei gift sig og á hús á jarðhæð með garði þar sem föt nágranna falla niður í.

„Við erum að byrja, ertu viss um að þú viljir ekki koma?“

„Já“.

„Vantar þig eitthvað?“

„Nei“.

Hún kinkar kolli, reynir að brosa.

„Heyrðu, Adda,“ hún stoppar.

Snýr sér aftur við: „Hvað, Prófessor?“

„Ef það versta myndi gerast, biddu alla um að fara áður en þú kemur og kallar á mig til að sjá hana, aftengdu öndunarvélina úr munninum, fjarlægðu nálarnar og slöngurnar, taktu allar umbúðir af henni en hyldu það sem þarf...“

Í stuttu máli, reyndu að leyfa henni að halda virðingu sinni.“

Núna var Alfreð búinn að undirbúa sig fyrir aðgerðina og gekk inn á skurðstofuna með uppréttar hendur, aðstoðarmaðurinn mætir honum til þess að klæða hann í hanskana. Þú ert undir skurðljósinu. Ég á ennþá mjög krefjandi verkefni ólokið: að láta móður þína vita. Þú manst hún fór til Lundúna í morgun, hún þurfti að taka viðtal við einhvern, ráðherra, held ég. Hún var mjög spennt. Leigubíllinn sem hún var í fór aðeins á undan þér. Ég heyrði í ykkur tala saman inn á baðherbergi og hún var mjög æst. Á laugardaginn komstu aðeins of seint

heim, klukkan korter yfir tólf á miðnætti, þessi fimmtán mínútna seinkun á umsömdum tíma pirraði hana mikið, hvað ákveðna hluti varðar er hún ekki mjög umburðarlynd gagnvart, hún þolir ekki átök, þau virðast vera raunveruleg árás á ró hennar. Þó hún sé venjulega blíð móðir, getur hún verið ósveigjanleg og er það hennar leið til að verja sig, en trúðu mér, hún er líka kúgandi. Ég veit að þú ert ekki að gera neitt rangt, þú hittir vini þína eftir skóla, þið talið saman í rökkrinu, út af kuldunum teygdi þið ermarnar á peysunum yfir hendurnar, skjálfandi undir stóra veggjakrotinu. Ég hef alltaf leyft þér að fara, ég treysti þér, ég treysti líka mistökum þínum. Ég þekki þig á því hvernig þú hagar þér hér heima og af þeim sjaldgæfu stundum sem við eyðum saman, en ég veit ekki hvernig þú hagar þér með öðru fólki. Ég veit að þú ert með fallegt hjarta og þú gefur þig alla í vináttuna. Vertu þannig áfram, það er sá neisti sem er þess virði að lifa fyrir. En móðir þín sér það ekki á sama hátt, henni finnst þú ekki sinna náminu nógu vel, eyðir tímanum í hangs og að heldur að þú náir ekki að klára námið á réttum tíma.

Stundum fóruð þú og vinir þínir fótgangandi yfir á krána á horninu, þessi vinnsæli reykfyllti afskekkti hellir undir götuhæðinni. Ég pýrði einu sinni augunum inn í gegnum einn af þessum lágu gluggum frá ganstéttinni, ég sá ykkur hlæja, faðma hvert annað og drepa í sígarettustubbunum í öskubökkunum. Þarna var ég, snyrtilegur fimmtíu og fimm ára einmana maður úti að ganga á nóttu til og þarna voruð þið fyrir neðan, sitjandi hinu megin við þessa litlu glugga með grindunum þar sem hundarnir stoppa til að merkja sér stað. Þið voruð öll svo ung, sitjandi þétt saman. Þið voruð öll svo falleg, Angela, þú og allir vinir þínir. Falleg. Ég njósnaði um ykkur, næstum skömmustulegur, eins og gamall maður sem horfir forvitinn á barn sem opnar pakka. En ég gerði það og ég sá ykkur þarna niðri opinbera líf ykkar á þessum reykfyllta bar.

Ég talaði við ritara minn. Henni tókst að koma skilaboðunum á Heathrow flugvöll. Þeir munu hitta Elsu við landganginn, fara með hana afsíðis og útskýra fyrir henni stöðuna. Það er hræðilegt að hugsa til hennar sitjandi í flugvélinni þarna uppi, með dagblaðabunkann í fanginu, ómeðvituð um allt sem er að gerast. Hún heldur að við séum örugg hérna niðri, elsku stelpan mín, og ég óska þess að flugið hennar endi aldrei, haldi óendanlega áfram. Kannski er hún að horfa á skýin akkúrat núna, eitt af þessum skýjum sem hylja næstum sólina en samt ekki alveg og glampanði geisli brýst í gegnum litla gluggann og lýsir upp andlit hennar. Hún mun örugglega vera að lesa grein eftir samstarfsmann, gerir athugasemdir og lagfærir með sínum orðum. Ég þekki svo vel ósjálfráða látbragðið hennar, það er eins og hver tilfinning hafi fingerðan skynjara í andlitinu. Ég hef margoft setið við hlið hennar í flugvél. Ég þekki

hrukkurnar á hálsinum, þennan litla poka sem myndast undir hökunni þegar hún beygir sig niður til að lesa. Ég þekki þreytuna í augunum, þegar hún tekur af sér gleraugun, lokar augnlokunum og hallar höfðinu að sætisbakinu. Núna réttir flugfreyjan henni morgunverðarbakkann, hún mun afþakka hann og segja á fullkominni ensku: „Just a black coffee“ og bíður eftir því að lyktin af pakkaða matnum hverfi. Móðir þín hefur alltaf fæturnar á jörðinni, jafnvel þegar hún er í loftinu. Nú situr hún sennilega afturábak og snýr höfðinu í átt að kýrauganu, kannski hefur hún ýtt niður stífu gardínunni fyrir gluggann: fyrir sína hálf tíma hvíld. Hún mun hugsa um allt það sem hún þarf að gera í dag og til viðbótar, ég er viss um að hún íhugar að fara í miðbæinn til að kaupa eitthvað handa þér. Síðast þegar hún kom heim úr ferðalagi færði hún þér þennan fallega ermalaus kjól, manstu eftir því? En núna vill hún kannski ekki kaupa neitt, kannski er hún ennþá reið út í þig... Hvað mun hún halda þegar að flugfreyjan kemur til móts við hana á flugvellinginum? Munu fætur hennar hrynja í gólfið? Hvaða svip mun hún hafa á andlitinu þegar hún stendur mitt á milli allra þeirra sem eru að koma og fara? Hversu mikil skelfing mun vera í augum hennar. Þetta mun gera hana eldri, þú veist, Angela, hún mun eldast mjög mikið. Hún elskar þig svo mikið. Hún er sjálfstæð, siðmenntuð kona, hún hefur mikinn félagslegan þokka og hún er mjög fróð, en hún þekkir ekki sorg, hún heldur að hún þekki hana, en gerir það ekki. Hún er þarna uppi á himninum og veit ekki ennþá hvaða sorg á sér stað hérna niðri. Þetta er skelfilegur sársauki sem borar sig inn í brjóstið, þangað til það er ekki lengur til staðar. Það myndast gat sem sýgur allt upp á ofsahraða, eins og stormsveipur, sýgur upp kassettur, fatnað, ljósmyndir, dömubindi, merkimiða, geisladiska, lykt, afmæli, dagsetningar, sundkúta, bleiur. Allt hverfur. Að öllu leiti mun komusvæðið á flugvellinginum vera yfirgefið eins og hennar líf. Tóm taska mun hanga á öxl hennar og hún mun þurfa á öllum sínum styrk að halda, kannski mun hún hlaupa að glugganum til að kanna með flóttaleið og fleygja sér á gegnsæja vegginn eins og dýr sem sópast burt með straumnum.

Ritarinn minn ræddi við einn af yfirmönnum flugvallarins sem fullvissaði hana um að þau myndu umgangast hana með mikilli gætni, þau myndu gera sitt best til þess að vekja ekki of mikinn ótta hjá henni. Framhaldið hefur verið þaulskipulagt, hún mun fara heim með næstu vél. Það er flug með “British Airways” sem fer frá London stuttu eftir komu hennar. Allt hefur verið skipulagt, þau munu láta hana fá sæti í friðsömu horni vélarinnar, þau munu færa henni te og þau munu bjóða henni að hringja. Ég er með símann á mér, kveikt á honum og er viðbúin símtali frá henni. Ég athugaði að það er gott símasamband, fjögur stig. Ég ætla að byrja á að ljúga, ég ætla að reyna að segja henni að þú sért ekki í lífhættu. Auðvitað mun

hun ekki trúa mér, hún mun halda að þú sért dain. Ég verð eins sannfærandi og ég get. Þú varst með hring á þumal fingri, ég hafði aldrei tekið eftir því áður. Ada barðist við að taka hann af, nú geymi ég hann í vasanum, ég reyni að máta hann á þumal fingurinn en hann er of litill, kannski passar hann á á löngutöng. Ekki deyjja, Angela, ekki deyjja áður en móðir þín er lent. Ekki láta sál þína fara upp til skýjanna sem hún horfir á svo kyrrlát. Ekki rjúfa flugleiðina hennar, elsku dóttir. Vertu þar sem þú ert. Ekki yfirgefa mig.

Mér er kalt, ég er enn í vinnufötunum, kannski ætti ég að skipta, fötin mín eru í málmskápnunum með nafninu mínu á. Ég hengdi jakkann vandlega yfir skyrtuna, skyldi veskið og bíllyklana eftir í efsta hólfinu og lokaði litla hengilásnum. Hvenær var það? Fyrir aðeins þremur tímum, kannski jafnvel minna. Fyrir þremur tímum var ég bara eins og hver annar maður. Hversu lúmskur er sársaukinn, hve snögg kemur hann. Er eins og ætandi sýra sem étur sig djúpt niður í holdið. Ég halla mér fram, hvíli handleggina á hnjánum. Handan harmonikkutjaldsins get ég séð hluta af krabbameinsskálunum. Ég hef aldrei áður eytt tíma í þessu herbergi, ég hef bara gengið fram hjá því. Ég sit í gerfi leðursófa, fyrir framan mig er lágt borð og tveir tómir stólar. Gólfíð er grænt og þakið litlum dökkum yrjum sem hreyfast dansandi fyrir framan augun á mér eins og vírus í smásjá. Nú er eins og ég hafa beðið eftir þessum hörmungum.

Gangur, tvær hurðir og meðvitundarleysið aðskilur okkur. Fjarlægðin á milli okkar er eins og fangelsi og ég velti því fyrir mér hvort hægt sé að brjótast út og ímynda sér það sem einskonar játningu og dansandi kornin á gólfinu biðja þig um áheyrn dóttir mín.

Ég er skurðlæknir, maður sem hefur lært að að aðgreina heilbrigða hlutann frá hinum veika, ég hef bjargað mörgum mannlífum, en ekki mínu, Angela.

Við höfum búið í sama húsi í fimmtán ár. Þú þekkir lyktina af mér, fótatak mitt, hvernig ég snerti hlutina, hvernig röddin mín hljómar við mismunandi aðstæðuri. Þú þekkir mjúku hliðar mínar, þessar óforsvaranlegu og fjandsamlegu. Ég veit hreinlega ekki hvað þér finnst um mig en ég get alveg ímyndað mér það. Þú hefur þína hugmynd um ábyrgan föður, ekki lausan við napurlega kímni gáfu en alltof fálátan. Þú ert bundin sterkum tilfinningum við móður þína, stundum eru samskipti ykkar stormasöm en lifandi, ég heng eins og jakkaföt í fataskáp, ekki hluti af þessu sambandi. Þú hefur kynnst mér í gegnum fjarveru mína, af bókunum mínum, regnfrakkanum mínum við innganginn, meira en frá mér sjálfum, mínu holdi og blóði. Ég þekki ekki hina söguna, þessa sem er skrifuð af ykkur um mig með hjálp vísbendinga sem ég hef skilið eftir hér og þar. Eins og móðir þín, þá vildir þú frekar sakna

mín, því að hafa mig í kring krafðist of mikillar orku og fyrirhafnar. Hversu oft fór ég ekki út að morgni til með það á tilfinningunni að þið tvær sameinuðu krafta ykkar við að ýta mér í átt að útidyrnum til að losna undan mínum kvölum. Ég elska einlægnina í sambandi ykkar, ég horfi á það með bros á vör, þið hafið að einhverju leyti verndað mig frá sjálfum mér. Mér hefur aldrei fundist ég vera „eðlilegur“, ég hef samt virkilega reynt að vera það, ég hef gert býsna róttækar tilraunir, en þegar þú ert að reyna að vera eðlilegur þá ertu þegar sigraður. Ég hef síðan samþykkt myndina sem þið sniðuð að mér á þunnan pappír að ykkar þörfum. Ég hef verið fasta gestur heima hjá mér. Ég hef ekki orðið reiður jafnvel þótt það ringdi á frídeginum mínum og vinnukonan hafi sett fötin ykkar mömmu þinnar til þurrks við hliðina á miðstöðvarofninum í vinnuherberginu mínu. Ég vandist þessum blauta þvotti án þess að vera með uppsteit. Ég var í stólnum mínum án þess að geta teygt úr fótunum, ég setti bókina í fangið og stoppaði til að virða fyrir mér þvottinn ykkar. Innan um þessi röku föt hef ég fundið félagsskap, jafnvel meiri en með ykkur tveimur í eigin persónu, því ég gat snert þessa hluti af fortíðarþrá, með ykkur í huga auðvitað, en umfram allt fundið til söknuðar yfir sjálfum mér og þeim dögum sem ég var að flýja réttlætið. Ég veit, Angela, í of mörg ár hafa kossarnir mínir, faðmlag mitt verið klaufalegt og þvingað. Í hvert skipti sem ég faðmaði þig fann ég hvernig líkaminn þinn hristist af óþolinmæði, ef ekki óþægindum. Þú gast aldrei verið afslöppuð með mér, það er bara þannig. Það var nóg fyrir þig að vita að ég væri þarna og horfa á mig úr fjarska eins og ég væri ferðamaður í annari lest, standandi við gluggann og andlitið óskýrt innan við glerið. Þú ert viðkvæm, sólrík stelpa en skyndilega getur skap þitt breyst, verður blind af reiði. Ég hef alltaf haft grun um að þessi dularfulla reiði þín sem skilur þig eftir sorgmædda og reiða hafi vaxið innra með þér vegna mín.

Angela, það er auður stóll rétt á bak við saklausa bakið þitt og inn í mér er tómur stóll. Ég horfi á hann, ég horfi á bakið, á fæturnar og ég bið og ég virðist vera að hlusta á eitthvað. Það er hljómur vonarinnar. Ég þekki hljóminn, ég hef heyrt hann banka í deyjandi líkómum og koma fram í augum ógrynni sjúklinga sem ég hef haft fyrir framan mig, ég hef heyrt hann þagna að staldra við innan veggja skurðstofunnar, í hvert skipti sem ég hef fært hendur mínar til að ákveða gang einhvers lífsins. Ég veit nákvæmlega hvað blekkir mig. Ég stari á svörtu kornin á gólfinu sem hreyfast núna hægt eins og sót og ég /þvinga sjálfan mig til að sjá konu í tóma stólnum í eitt augnablik, kannski ekki líkama hennar, nei, en samúð hennar. Ég sé tvo vínlitaða décolletées skó, tvær fætur án sokka og annar ofar en hinn. Nú þegar er hún fyrir framan mig til að minna mig á að ég er smitandi plága sem markar líf annara að ógæfu sérstaklega þeirra sem hann elskar. Þú þekkir hana ekki, hún kom inn í líf mitt áður en þú

fæddist, en fótspor hennar skildu eftir sig óafmáanlega áletrun eins og steingerfing. Ég vil geta náð til þín, Angela, í þessu röri sem þú ert liggur í, þar sem í þann mund er verið að opna á þér höfuðið til að segja þér frá þessari konu.

Ég hitti hana á bar, einum af þessum börum sem þú finnur í úthverfi stórborganna. Með slæmu kaffi og með vondu lyktinni frá hálfopnu hurðinni á salerninu, sem var staðsett á bak við gamalt fótboltaspill þar sem leikmenn höfðu verið afhöfðaðir í keppni fastagestanna á barnum. Hitinn var kæfandi. Eins og alla föstudaga, var ég að keyra til móður þinnar í húsið við sjóinn sem við leigðum við ströndina suður af borginni. Bíllinn minn drap á sér án þess að kippast til, hann rann útaf líkt og eldspýta á brauðþurrum þjóðveginum út á skitugt túnið rétt hjá einhverri iðnaðargeymslu. Ég hafði gengið undir heitri sólinni til að komast í einu húsin sem sáust í fjarska í jaðri úthverfisins. Þetta var snemma í júlí fyrir sextán árum og ég kom sveittur inn á barinn og í mjög slæmu skapi.

Ég pantaði mér kaffi og vatnsglas og spurði hvar ég gæti fundið bifvélavirkja. Hún var til hliðar við mig, beygði sig niður og var að stússast eitthvað í ískápnum. "Er engin nýmjólk?" voru fyrstu orðin sem ég heyrði hana segja og var beint til stráksins sem var á bak við afgreiðsluborðið, stráks með bólugrafið andlit og litla gráa svuntu sem var bundin þétt um mittið. „Ég veit það ekki“ svaraði hann þegar hann bar fram vatnið og gætti þess að smeygja undirskál undir lekandi glasið. „Skiptir ekki máli,“ sagði hún og setti fernu af mjólk á afgreiðsluborðið nokkrum millimetrum frá mér. Hún stakk fingrunum oní lítið barnalegt veski sem á voru plastblóm og smellifesting, hún tók út peningana og ýtti þeim í átt að undarennunni. „Vélvirkinn er þarna“ sagði hún og safnaði smápeningunum saman, „en hver veit hvort það sé opið“. Ég snéri mér í átt að hljóði þessarar raddar sem hljómaði eins og mjálm kattar. Það var í fyrsta skipti sem augu okkar hittust. Hún var ekki einu sinni falleg og ung. Illa gert aflitað hár rammaði inn mjótt en steklegt andlitið, á milli glitruð tvö sorgmædd augu, alltof mikið máluð. Hún skildi mjólkina eftir á afgreiðsluborðinu og hélt í átt að spilaranum. Þrátt fyrir sólina fyrir utan var staðurinn dimmur, hann lyktaði af þessari súru vondu lykt úr stífluðu holræsi en fylltist brátt af velgjulegum nótum enskrar rokksveitar sem var mjög vinsæll á þessum árum. Hún stóð á móti spilaranum og hélt sér í hann með lokuð augun og fór hægt að sveifla höfðinu. Hún var á sama stað, skugginn hennar flökksti aftast á barnum. Barþjónninn rann út frá afgreiðsluborðinu og gekk að dyrunum til að vísa mér veginn. Ég fór alla leið í kring um húsið án þess að finna verkstæðið. Það voru engir á ferli. Eina sem ég sá var gamall maður að viðra dúk á litlum svölum fyrir ofan mig. Ég snéri til baka á barinn enn sveittari en áður.

„Ég fann þetta ekki.“

Ég tók nokkrar pappírs servíettur úr málmíláti og þurrkaði ennið á mér. Það var slökkt á spilaranum en hún var þarna ennþá. Hún sat á stól og starði beint fram á meðan hún tuggði amerískt tyggjó. Hún stóð upp, tók mjólkurfernuna af afgreiðsluborðinu og kvaddi drenginn. Þegar hún kom að þröskuldinum stoppaði hún.

„Ég er að fara þangað ef þú vilt koma með...“

Ég fylgdi henni eftir í steikjandi sólinni. Hún klæddist fjólubláum bol og stuttu eðlugrænu pilsu, á fótunum klæddist hún háhæluðum sandölum með marglitum ólum, þar sem grönnu fætur hennar börðust klaufalega í. Hún hafði stungið mjólkinni í bútasaumspoka með langri axlaról sem náði næstum niður á hné. Hún gekk hratt og veitti mér enga eftirtekt, dró fæturnar á ósléttri gangstéttinni og studdi sig við veggina.

Hún stoppaði fyrir framan járnhurð. Verkstæðið var lokað, límband hélt gulnuðum miða sem stóð á það myndi opna aftur eftir nokkrar klukkustundir. Ég hugsaði til móður þinnar, ég þyrfti að segja henni frá seinkuninni. Svitinn frá gagnaugunum lak bakvið eyrun mín og niður á hálsinn. Við vorum stopp á miðri götunni. Hún snéri bara höfðinu að mér, horfði á mig. Augun hennar voru hálf lokuð vegna hitans og sólargeisla.

„Þú ert með pappír á enninu“.

Ég leitaði á sveittu andlitinu af því sem eftir var af servíettunni frá barnum.
„Er símaklefi?“

„Þá þarftu að snúa við, ég veit ekki hvort hann virkar, þó: hér mölva þeir allt“.

Hún var enn með ameríska tyggjóid í munnum, kinnarnar hreyfðust með ákefð. Hún varði sig frá sólinni með hendinni. Augu hennar sem reyndust vera fölggrá hérna úti, horfðu eldskjótt á mig. Hún leit ekki út fyrir að vera manneskja sem væri hrædd við ókunnuga en ef til vill hughreysti bindið og giftingarhringurinn á fingri mér hana.

„Þú getur hringt hjá mér ef þú vilt, ég bý hérna bakvið“ sagði hún og teygði hálsinn út í átt að ótilgreinum stað hinum megin við götuna. Hún fór yfir götuna án þess að horfa til beggja átta. Ég fylgdi henni eftir moldarstíg sem liggur niður á við, síðan í gegnum völunderhús af endalausum draugalegum byggingum sem voru ókláraðar en samt búið í. Það voru ber járnhandrið þar sem verönd hefði átt að vera og gapandi göt sem opnuðust út í tómið voru stífluð af stöfluðum rúmbotnum.

„Við tökum flýtleiðina,“ sagði hún og stefndi að ókláruðu byggingunni.

Við gengum á milli steypustaura á svæði sem leit út fyrir að vera gríðarstór yfirgefið bílastæðahús og að lokum lét sólin okkur í friði. Síðan stigum við inn í dimmt anddyri þakið sprautulökkuðu veggjakroti. Það lyktaði eins og þvagskál á almenningsklósetti og fnykurinn var blandaður steikingarlykt sem kom frá óþekktum stað. Lyftan var galoppinn, frá hnappaborðinu sem ekki var lokað mátti sjá vírana.

„Við skulum ganga upp,“ sagði hún.

Ég fylgdi henni upp nokkur þrep. Skyndileg öskur rufu stöku sinnum kyrrðina og birta frá sjónvarpstækjum flögraði í myrkrinu eins og leiftur sem mynda þetta nóturlega líf. Í skítugu tröppunum voru á við og dreif notaðar sprautur sem hún steig yfir og lyfti berum fótum sínum í skónum án þess að taka eftir því. Ég vildi fara til baka, Angela, ég snéri mér við hvert hjóð, óttaðist að sjá einhvern stökkva fram, tilbúin að ræna mig eða þá kannski drepa mig, vitorðsmaður þessarar ómerkilegu konu sem leiddi mig áfram. Af og til barst lyktin hennar til mín í takt við skellinn frá töskunni sem lamdist til á rykföllnu tröppunum. Heit blanda af bráðnuðum snyrtivörum og svita. Ég heyrði skjáf /þrusk raddar hennar: „en ógeðslegt, þú ferð fyrst,“ eins og hún hafi skynjað ótta minn. Þetta var rödd með lítillsháttar suðlægum hrein, þvældist djúpt á ákveðnum atkvæðum og sleppti öðrum.

Hún stoppaði einum þrepi hærra. Hún gekk hratt á moldargólfi þeirrar hæðar í átt að málmhurð. Hún þræddi fingurgómunum í gatið þar sem lásinn vantaði og dró þungu dyrnar að sér. Birtan lýsti svo kröftuglega í andlitið á mér að ég þurfti að skýla mér með handleggnum: sólin virtist vera mjög nálægt. „Komdu,“ sagði hún og ég sá líkama hennar hverfa niður. *Hún er brjáluð, ég er að fylgja geðsjúklingi sem sótti mig á kaffihúsið bara til þess að láta mig aðstoða við sjálfsvíg sitt.* Ég finn að ég stend efst í bröttum járn neyðarstiga. Hún fór óhrædd niður og ofanfrá sá ég endurvöxt svörtu háranan í gula hárinu. Nú leit hún ótrúlega lipur út á hælunum, eins og barn eða köttur. Ég lagði út í þessa glæfracör og hélt mér vel í ryðguðu rörin og skrúfbolta handriðisins. Jakkinn minn kræktist í og dróst með og ég fann efnið rifna. Skyndilega heyrðist mikill gnýr. Fyrir framan mig og mjög nálægt augunum á mér var stór brú. Handan handriðisins keyrðu bílarnir á fleygiferð. Ég gat ekki lengur skilið hvert við vorum komin, ég leit í kringum mig. Stelpan var fyrir neðan mig í töluverðri fjarlægð, hún hafði stoppað á bersvæði. Gula hárið, mikið farðað andlitið, marglita taskann: lét hana líta út eins og trúð úr sirkus.

„Við erum komin,“ hrópaði hún.

Sannarlega var bygging fyrir aftan hana, gamall, bleikur veggur en leit ekki út fyrir að tilheyrja húsi sem enn stendur. Hún snéri sér að þeim vegg. Þarna var hús, eins konar pínulítið niðurnýtt einbýlishús, rétt undir stólpum brúarinnar. Við fórum niður á milli ryksugs kjarrs, svo klifruðum við tvö þrep upp að rimladyrum sem voru græn eins og pilsíð sem hún er í.

Hún teygði sig að múrsteinsröð fyrir ofan hurðina og tók út lykil sem var límdur þarna uppi með stykki af amerísku tyggjóí. Hún opnar dyrnar, svo fjærlægði hún tyggjóíð úr munninum sem hún var að tyggja og límdi lykilinn aftur upp með þrýsting frá fingrunum. Þegar hún teygði sig, horfði ég á óhulda handakrikana hennar sem voru ekki rakaðir né loðnir. Bara brúskur af þunnum, löngum hárum, límd saman af svita.

Inni skar sólargeisli í gegnum loftið. Það var það fyrsta sem tók á móti mér ásamt lyktinni af sóti sem minnti mig á hús í sveitinni, blönduð lykt af súru bleikiefni og eitri, eitrið sem notað var til að drepa mýs. Herbergið var ferkanntað með flísalögðu kaffilituðu steingólfi, á endaveggnum var arinn, stór dapur og svartur munnur. Sæmileg snyrtileg innrétting, svolítið einsýnt því birtan kom frá einum glugga?

Premur stólum í sænskum stíl var smeygt undir borðið sem var þakið olíu vaxdúk. Við hliðina á því opnuðust dyr. Þar í fjarska mátti sjá spónlagaðan eldhússkáp og svo langt sem augað eygði röð af maurum á leið í sykurinn. Hún kemur inn.

„Ég set mjólkina í ískápinn“.

Hún sagðist eiga síma. Ég leitaði án þess að finna hann á lágu borði með öskubakka sem var eins og skel í laginu, á lakkaðri kómmóðu fyllt með gripum og á gömlum endurgerðum sófa úr blómstrandi efni. Hangandi upp á vegg uppgötvaði ég veggspjald af nýfæddum apa með húfu á höfði og barnapela á milli lappana, ódauðlegur í fólsku ljósi, frá flössunum og pólýetýlen sólhlífum, af leigustúdiói.

Hún kom strax aftur. „Síminn er þarna, í herberginu,“ sagði hún og benti á gardínu úr plasti rétt fyrir aftan mig. „Þakka þér fyrir“ hvíslaði ég að gardínunni, og aftur óttaðist ég fyrir sát. Hún brosti og afhjúpaði röð lítilla ófullkomna tanna.

Handan við gardínuna var þröngt herbergi, alfarið uppfyllt af hjónarúminu án höfuðgafls, þakið tóbakslituðu rúmteppi.